

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Haldinn
föstudaginn 31. maí 2024 kl.12:00 í húsakynnum FÍA Hlíðarsmára 8**



Sturla Ómarsson, stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs FÍA, setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Rafn Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Rafn Jónsson tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði skipuð fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Til fundarins var boðað með auglýsingu á vef sjóðsins 9. maí sl., auk þess sem auglýsing var birt í dagblaði föstudaginn 9. maí sl. og sama dag var fundurinn auglýstur á heimasíðu sjóðsins og þar hefur mátt nálgast fundargögn. Einnig var fundurinn auglýstur með því að senda tölvupósta á sjóðfélaga auk þess sem hann var auglýstur í FÍA-appinu.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins og umræðu um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Síðan yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sú tillaga fundarstjóra sætti ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Ávarp Sturlu Ómarssonar, formanns stjórnar EFÍA:

Kæru félagar, það er ánægjulegt að segja frá því að síðasta rekstrarár sjóðsins hafi verið farsælt. Sérstaklega í ljósi þess að undanfarin ár hafa verið mjög sveiflukennd eins og við þekkjum vegna Covid, stríðsátaka, eldhræringa á Íslandi ásamt fleiri þáttum. Árið 2025 fer svo erfiðlega af stað en þar ber hæst órói í alþjóðamálum eftir að nýr forseti tók við völdum í Bandaríkjunum.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2024 var rétt um 11% sem skilaði okkur raunávöxtun uppá rúmlega 6%.

Árið var allt í senn viðburðarríkt og krefjandi. Það einkenndist af háu vaxtastigi og lækkandi verðbólgu. Þrátt fyrir mikla óvissu meðal annars vegna ríkisfjármála, eldsumbrota, kjarasamninga og kosninga endaði árið nokkuð vel á fjármálamörkuðum.

Þær miklu sveiflur sem hafa einkennt undanfarin ár undirstrika mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum.

Meginmarkmið lífeyrissjóða er að greiða sjóðfélögum lífeyri og við verðum að geta horft til lengri tíma því tímabundnar sveiflur munu alltaf eiga sér stað en reynslan hefur sýnt okkur að með skynsamlegri áhættudreifingu næst besta ávöxtunin yfir lengri tíma. Ákvörðun stjórnar við mótun fjárfestingarstefnu ár hvert tekur mið af þessum þáttum.

Stjórn EFÍA hefur tekið þá ákvörðun tengda þessu að auka hlut sjóðsins í óskráðum eignum og rétt er að benda á slíkar fjárfestingar skila í flestum tilfellum ávöxtun á seinni stigum slíkrar fjárfestinga og því ber stjórn væntingar til þess að þessar fjárfestingar skili sjóðnum betri ávöxtun þegar horft er til framtíðar.

Vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands hófst í í október síðastliðnum og lækkandi verðbólgutaktur gefur vonir um eðlilegra vaxtastig á næstu misserum og hefur slík þróun ótvíræð jákvæð áhrif á verðbréfamarkaðinn.

1

Það er ánægjulegt að horfa til þess hversu lífeyrissjóðurinn okkar er stækkandi og sjá merki þess að flugmönnum á Íslandi er aftur að fjölga eftir erfið Covid ár. Iðgjöld hækkuðu til að mynda um 11% prósent frá fyrra ári og er staðan sú að nettó fjárfestingarþörf sjóðsins er rétt um 85 milljónir á mánuði, þ.e.a.s. munur á iðgjöldum sem greidd eru inn í sjóðinn og þeim lífeyri sem greiddur er út og þá á eftir að taka tilliti vaxta, afborgana og arðgreiðslna sem gerir fjárfestingaþörfina enn þá hærri.

Þar sem fleiri einstaklingar eru að greiða í sjóðinn er staðan sú að í fyrsta skipti eru rúmlega 800 sjóðfélagar að greiða í sjóðinn hverju sinni. Eftirlaunasjóðurinn hefur verið aðili að samkomulagi um örorkulífeyri, en sjóðir sem hafa færri greiðendur en 800 verða að gera slík samkomulög. Þar sem við erum komin upp fyrir þessa tölu var tekinn sú ákvörðun í lok árs að segja upp þessu samkomulagi sem hefur verið í gildi alla mína tíð í sjóðnum. Þar sem örorka flugmanna hefur verið lægri en að meðaltali gerist á Íslandi mun þetta hafa jákvæð áhrif á sjóðinn þó svo að skammtíma sveiflur gætu orðið meiri.

Staða sjóðsins er ágæt en skuldbindingar eru nú rétt um 1% hærri en eignir hans, þ.e.a.s. tryggingafræðileg staða neikvæð sem nemur 1%.

Því miður þurftum við að skerða réttindi í upphafi þessa árs um 1% á mánuði í 6 mánuði, sökum erfiðra ára í ávöxtun síðastliðin tvö ár og var því miður ekki hjá þessu komist.

Síðastliðið ár var annað árið sem tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð út frá sértækum forsendum sem taka beint til lífaldurs flugmanna þegar horft er til útreiknings á væntum ellilífeyri sem og örorkulífeyri. Samkvæmt þessum útreikningum lifa flugmenn lengur en meðalævi Íslendinga sem hefur neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins en samkvæmt þessum sértæku forsendum er örorka flugmanna almennt lægri en sem nemur meðalörorku Íslendinga sem hefur svo jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Arnór Ingi fyrir hönd Talnakönnunar mun fara betur yfir þessa þætti hér á eftir.

Eins og ég hef áður fjallað um hér á ársfundum sjóðsins skapaðist nokkur óvissa um tryggingafræðilega stöðu síðustu ár þar sem lífeyrissjóðir innleiddu nýjar lífslíku töflur sem tóku gildi árið 2022 með mismunandi hætti. Að þessari ákvörðun lífeyrissjóðsins komu stjórn, stjórnendur, tryggingastærðfræðingar ásamt því að stuðst var við lögfræðiálit sem unnin höfðu verið.

Í nóvember síðastliðnum kvað Hæstiréttur upp dóm í máli sem höfðað hafði verið gegn Lífeyrissjóð Verslunarmanna vegna þessa máls. Málið snerti EFÍA einnig þar sem báðir þessi sjóðir innleiddu nýjar forsendur með svipuðum hætti, en dómur Hæstaréttar fell Lífeyrissjóði Verslunarmanna í vil og er hann fordæmisgefandi. Dómur Hæstaréttar tók sérstaklega fram að ef ekki hefði verið horft til þeirra aðferðafræði sem EFÍA fylgdi hefði það þýtt að lífeyrisskuldbindingar sjóðsins vegna yngri árganga hefðu í reynd orðið hlutfallslega meiri en vegna þeirra eldri.

Stjórn sjóðsins fagnar þessari niðurstöðu Hæstaréttar og sér í lagi sökum allrar þeirra óvissu sem var til staðar varðandi tryggingafræðilega stöðu og hefur þessari óvissu nú verið eytt og þessi dómur kallar ekki á neinar breytingar hjá EFÍA.

Á síðustu ársfundum hef ég fjallað um mikilvægi þess að lífeyrissjóðir sýni ábyrgð og taki virkari þátt sem eigendur fyrirtækja í stefnumótun þeirra. Það er fyrst á síðasta ári sem almenn umræða og í raun ákall almennings um að lífeyrissjóðir tækju virkari þátt sem eigendur skráðra fyrirtækja, en áður var óhætt að segja að margir lífeyrissjóðir hafi verið óvirkir eigendur.

 2 

Margir lífeyrissjóðir hafa tekið þessa umræðu í þjóðfélaginu inná sína stjórnarfundir og almennt hafa sjóðirnir verið virkari sem eigendur í skráðum félögum síðastliðið ár.

Ég fagna þessari stefnubreytingu hjá flestum lífeyrissjóðum, stefnu sem stjórn EFÍA hefur framfylgt í mörg ár, t.d. með fundum með tilnefningarnefndum, sent stjórnnum skráðra félaga fyrirspurnir eða gagnrýni á ákveðnar tillögur sem hafa verið lagðar fram og ekki síst tekið afstöðu til flest allra tillagna sem lagðar eru fram á ársfundum skráðra félaga.

Deilur um uppgjör vegna væntra slita Íbúðarlánasjóðs héldu áfram á árinu 2024, milli lífeyrissjóðanna og ríkisins. Það var ekki fyrr en snemma á þessu ári að það var farið að sjást til lands í þessum viðræðum sem lauk með þeim hætti að tillögur voru lagðar fyrir stjórnir lífeyrissjóðanna. Í kjölfarið samþykktu flestir þær tillögur sem lagðar hefðu verið til.

Uppgjör Íbúðarlánasjóðs verður með þeim hætti að eigendum skuldabréfa sjóðsins fá fullar heimtur og verða afhent önnur skuldabréf í eigu ríkisins.

Snemma á árinu 2024 var gerður ráðningarsamningur við framkvæmdarstjóra sjóðsins, Guðmund Thorlacius, en áður hafði hann verið starfsmaður Arion banka, sem annast rekstur sjóðsins. Þessi breyting er tilkomin vegna kröfu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem gerir kröfu um að beint ráðningarsamband sé á milli stjórnar lífeyrissjóðsins og framkvæmdarstjóra sjóðsins.

Mig langar að þakka Guðmundi framkvæmdarstjóra fyrir mjög svo farsælt og gott samstarf á síðastliðnu ári. Einnig langar mig að þakka starfsmönnum frá Arion banka sem koma hafa að rekstri sjóðsins.

Samstarf stjórnar EFÍA hefur verið farsælt, í stjórn sitja hæfir einstaklingar sem liggja ekki á skoðunum sínum og því skapast oft mjög góðar og uppbyggilegar umræður innan stjórnar. Undirbúningur getur oft verið krefjandi en stjórnarmenn hafa mætt vel undirbúnir og mig langar að þakka þeim sérstaklega fyrir gott samstarf á árinu.


2. Ársreikningur kynntur

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri EFÍA, fór yfir lykilatriði í ársreikning sjóðsins sem og yfirferð á breytingu á hreinni eign 2024, þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Iðgjöld á árinu námu 3 milljörðum króna, sem var um 11% breyting frá fyrra ári 2023. Greiddur lífeyrir nam 1 milljarði, 894 milljónum króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2024 nam 68 milljörðum og 611 milljónum króna. Einnig fór Guðmundur yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi. Guðmundur fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum, þ.e. rekstrarkostnað og greiddan lífeyri á árinu 2024 sem hækkaði um 9,5% á árinu. Breyting er á milli ára er vegna launa framkvæmdastjóra sem nú innifalin í laun og launatengd gjöld, sem skýrir hækkunina á milli ára. Guðmundur fór yfir meðalfjölda greiðandi sjóðfélaga og meðalfjölda lífeyrisþega á árinu og hvernig lífeyrisgreiðslur sjóðsins skiptast hlutfallslega síðustu tíu árin. Að lokum fór Guðmundur stuttlega yfir upplýsingagjöf til sjóðfélaga á árinu og minnti sjóðfélaga á að skoða heimasíðu sjóðsins þar sem birtar eru fréttir af starfsemi sjóðsins.

4. Fjárfestingarstefna

Ólafur Örn Jónsson sjóðstjóri hjá Eignastýringu fagfjárfesta Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2024. Raunávöxtun á markaðsvirði safnsins var

3



6% á árinu 2024. Ólafur fór yfir niðurbrot ávöxtunar niður á eignaflokka. Ólafur fór yfir ávöxtun eignaflokka sbr. viðmið, með og án sjóðfélagalána. Hann fór yfir raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, frá 1997 – 2024, meðal raunávöxtunin á því tímabili var 3,1%. 15 ára ávöxtun á ári 3,9%. Ólafur fór yfir ávöxtun EFÍA samanborið við aðra lífeyrissjóði, sýndi þróun á hlutfalli erlendra eigna sjóðsins. Stefnan á árinu 2025 er með 42% erlendum eignum. Yfirlit yfir hlutfall sjóðfélagalána var sýnt, EFÍA er með 14,6% á móti lífeyriskerfið er með 8,2%. Ólafur fór yfir eignasamsetninguna og sýndi 5 stærstu innlendu skuldabréf sjóðsins. Farið var yfir málefni ÍL sjóðs, í febrúar mánuði 2024 hófust formlegar viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Viðræðurnar voru í höndum nefndar sem skipuð var ráðgjöfum 18 lífeyrissjóða (m.a. EFÍA) og ráðgjöfum tilnefndum af fjármála- og efnahagsráðherra. Þeim viðræðum lauk með því að nefndin lagði fram tillögu um að ÍL-sjóði gæti gert skuldabréfin upp gagnvart lífeyrissjóðunum með því að afhenda þeim tilteknar eignir. Til þess að þetta gæti gengið upp þurfti að breyta skilmálum skuldabréfanna. Tillaga þess efnis var lögð fyrir eigendur HFF skuldabréfa á fundum sem haldnir voru 10. apríl sl. þar sem tillagan var samþykkt. EFÍA var meðal þeirra lífeyrissjóða sem samþykkti tillöguna. Þessi niðurstaða þýðir að uppgjörsvirði íbúðabréfanna í eignasafni EFÍA verður um 281 milljónum kr. hærra en kröfuvirði þeirra, eða sem nemur 0,32% að teknu tilliti til hlutfalls af eignasafni EFÍA. Ólafur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Ólafur fór yfir helstu eignir ársins 2024 og ræddi innlendar sérhæfðar fjárfestingar, uppbyggingu og markmið að baki erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Að lokum fór Ólafur yfir þróun markaða það sem af er ári 2025 og ávöxtun eignasafns á sama tíma. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2025. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru að hlutafall erlendra fjárfestinga var aukið. Vikmörk voru aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar. Ólafur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda helstu lífeyrissjóða landsins í samanburði við stefnu sjóðsins.

Eftir umfjöllun Ólafs var sjóðfélögum gefinn kostur á að bera fram spurningar og koma með athugasemdir við skýrslu stjórnar, reikninga sjóðsins, fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun hans. Engar spurningar komu fram.

Að því loknu lagði fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikning EFÍA 2024 fyrir fundinn til samþykktar.

Skýrsla stjórnar og ársreikningurinn voru samþykkt samhljóða.

3. Tryggingafræðileg úttekt

Arnór Ingi Finnbjörnsson gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar miðað við 31. desember 2024. Arnór fór yfir forsendur og reikniaðferð við matið. Nefndi hann að staðlaðar forsendur væru notaðar að öllu leyti nema að nýjar barneigna- og giftingarlíkur FÍT sem byggðar eru á reynslu árin 2019-2023. Tryggingafræðileg staða í lok árs 2024 var sú að áfallin skuldbinding í hlutfalli a skuldbindingum í árslok var -1,8% en var í ársbyrjun 2024 -10,6%. Heildarskuldbindingin er -1,0% en var á byrjun árs -6,4%. Arnór fór yfir álagspróf, áhrif breyttra forsendna og sögulega þróun. Í ársreikningi 2023 var fjallað um niðurstöðu héraðsdóms í máli E-1722/2023 gegn Lífeyrissjóði verslunarmanna (LV). Þar var aldursháð aðlögun LV á áunnum réttindum sjóðfélaga, sem viðbrögð við innleiðingu spár um lækkandi dánartíðni við mat á skuldbindingum, dæmd ógild. Breyting LV á áunnum réttindum var áþekk aldursháðri aðlögun EFÍA á árinu 2022, sem sjá má í breytingayfirliti Viðauka II í samþykktum sjóðsins. LV áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar. Hæstiréttur dæmdi í málinu

þann 27. nóvember 2024. Dómurinn féll sjóðnum í hag og kallar ekki á neinar breytingar frá því sem orðið er. Óvissa vegna málsins er því engin fyrir EFÍA í árslok 2024. Mikill jákvæður viðsnúningur á áfallinni stöðu. Fer úr -10,6% í árslok 2023 í -1,8% í árslok 2024. Framtíðarstaðan sjóðsins komin í jafnvægi eftir að sjóðurinn tók upp nýjar réttindatöflur þann 1. janúar 2025. Heildarstaða sjóðsins er -1,0% og komin inn fyrir -5% vikið 39. gr. Laga 129/1997 um lífeyrissjóði. Heildarstaða sjóðsins var -6,4% í árslok 2023 og -6,8% í árslok 2022. Horfur góðar a.t.t.t. raunvaxtarstigs bæði innanlands og erlendis en allar skuldbindingar sjóðsins eru núvirtar með 3,5% raunvöxtum skv. reglugerð 391/1998. Staða sjóðsins í jafnvægi (-1,0%) og ásættanleg m.a. í ljósi þrálátrar verðbólgu sl. fjögur ár.

Eftir umfjöllun tryggingastærðfræðings sjóðsins var sjóðfélögum gefinn kostur á að bera fram spurningar. Engar spurningar komu fram.

5. Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins

Fyrir fundinum lágu engar tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

6. Stjórnarkjör

Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra sjóðsins orðið og fór hann yfir stjórnarkjör sjóðsins. Guðmundur rakti að stjórn EFÍA er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Samkvæmt grein 4.1. í samþykktum sjóðsins losnuðu tvö sæti aðalmanna og eitt sæti varamanns. Auglýst var eftir framboðum til stjórnar þann 14. apríl 2025 og lauk framboðsfresti þann 2. maí 2025. Framboðsfresti lauk með því að sitjandi stjórnarmenn, Sturla Ómarsson og Kjartan Jónsson, og sitjandi varamaður, Davíð Smári Jóhannsson, buðu sig fram. Engin önnur framboð bárust. Því er sjálfkjörið í stjórn EFÍA til næstu tveggja ára.

7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra orðið sem fór yfir skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og stjórnarlaun. Framkvæmdastjóri sagði frá því að stjórnarmenn tilnefndir af Ícelandair 2025, tilnefndir til eins árs sem aðalmenn eru þau Magnús Jón Magnússon og Sigrún Hjartardóttir. Varamenn tilnefndir til eins árs eru þau Ari Guðjónsson og Íris Hulda Þórisdóttir. Framkvæmdastjóri fór því næst yfir tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna. Hann ræddi hvernig laun hefðu verið að þróast á almennum vinnumarkaði og hjá stjórnnum skráðra félaga. Tillaga stjórnar var að laun skyldu hækka um 6%, sem væri mitt á milli hækkunar á almennum markaði og hækkun á stjórnarlaunum skráðra félaga.

Lagt var til að heildarlaun stjórnar á mánuði skyldu vera:

Formaður 408.385 kr.

Varaformaður 306.289 kr.

Stjórnarmaður 204.190 kr.

Varamenn, ef þeir taka sæti 204.190 kr.

Varamenn (fyrir hvern fund) 65.342 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Nefndarmaður, 65.342 kr.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að bera fram spurningar. Engar spurningar komu fram. Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn. Tillagan var samþykkt.

8. Tillaga að tilnefningu í endurskoðunarnefnd

Næst bauð fundarstjóri framkvæmdastjóra að kynna tillögu stjórnar um tilnefningu nefndarmanna í endurskoðunarnefnd. Framkvæmdastjóri sagði frá tillögu stjórnar um að skipa Sigríði Einarsdóttur og Guðlaug Sigurðsson í endurskoðunarnefnd sjóðsins, í samræmi við ákvæði laga. Fundarstjóri lýsti orðið laus um þessa tillögu stjórnar en enginn tók til máls. Engar aðrar tillögur komu fram.

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

9. Val endurskoðanda

Næst á dagskrá var kjör endurskoðanda og kynnti fundarstjóri tillögu stjórnar um að tilnefna Grant Thornton sem endurskoðunarskrifstofu og Davíð Arnar Einarsson sem endurskoðandi fyrir yfirstandandi ár.

Fundarstjóri spurði fundinn hvort einhver vildi taka til máls og hvort aðrar tillögur væru gerðar. Svo var ekki og enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillögu stjórnar undir fundinn til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Undi liðnum upplýsti fundarstjóri fundinn og stjórn að hann vildi ekki að orðið ellilífeyrisþegi væri notað um sig, hann væri ekki að þiggja neitt, hann væri frekar að taka úr sjóðnum sem hann hefði lagt fyrir í.

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál hefðu verið lögð fyrir fundinn til umræðu eða afgreiðslu og spurði fundarmenn hvort einhver þeirra vildi bera upp slíkt mál.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þakkaði hann fundinum fyrir góðan fund og afhenti fundarstjórn til stjórnarformanns sjóðsins.

Að lokum tók stjórnarformaður til máls, þakkaði fyrir góðan fund, góða mætingu og gefandi samveru og sleit fundi formlega kl. 14:16.

Reykjavík, 28. maí 2025



Rafn Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari

